

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 17. febrúar 2023
UST202302-189/A.B.
10.04.03

Efni: Vinnslutillaga – Deiliskipulag fyrir Eldfell í Vestmannaeyjum

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjar er barst 13. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að deiliskipulagi fyrir Eldfell í Vestmannaeyjum.

Í greinargerð kemur fram að markmið verkefnisins er að skilgreina göngustíga, bílastæði, áningarstaði og svæði fyrir minnisvarða. Auk þess kemur fram að markmiðið sé einnig að draga úr bílaumferð, loka vegslóðum og villustígum og vernda náttúrulegu yfirbragði svæðisins. Auk þess segir að lögð er áhersla á verndun yfirborðs lands og sérstæðra jarðmyndana við alla göngustígagerð þannig að hún valdi sem allra minnstu raski og verði utan svæða þar sem stórbrotnar hraunmyndanir liggja.

Umhverfisstofnun bendir á að það væri gott að örnefni sem fjallað er um í greinargarð séu sett inn á uppdráttinn. Auk þess væri æskilegt að það væri skýringaruppráttur sem sýndi núverandi gönguleiðir og þær gönguleiðir sem á að fjarlægja.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni er mikilvægt að það komi fram hvaða mjög ríku hagsmunir réttlætti röskunina og þá fyrst og fremst hvaða brýnu almannahagsmunir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að göngustígur (sem er hluti af hringleið) liggi upp á óröskuðu hraunasvæði norðarlega á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að til að ná markmiðum verkefnisins er mikilvægt að vernda hraunið og endurheimta hraunasvæðið eins og hægt er og bendir stofnunin á þann möguleika að láta göngustíginn liggja í eldri stíg meðfram jaðri hraunsins.

Náttúruminjaskrá

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum stígum á óröskuðu svæði í hlíðum Eldfells. Í greinargerð er vitnað í verkefni þar sem lagðar voru tröppur í hlíðar Saxhóls. Umhverfisstofnun vill

vekja athygli á að þær tröppur voru lagðar í göngustíg sem fyrir var, auk þess voru tröppurnar lagðar til að koma í veg fyrir frekari átroðningi og röskun á viðkvæmu svæði, en ekki til að búa til nýjan innvið. Einnig vill stofnunin benda á að einungis um að ræða eina leið upp á Saxhól.

Í greinargerð kemur fram að Eldfell er á náttúruminjaskrá og er svæðið verndað vegna stórfenglegs landslags og fræðandi um myndun og mótun lands. Með því að taka alla jarðmyndunina undir fyrir minnisvarða mun það hafa þónokkuð inngríp í landslag svæðisins og hafa áhrif á ásýnd þess að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að lögð sé áhersla á að leggja göngustíga og tröppur þar sem göngustígar eru nú þegar, á svæðum sem hafa minnst áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og halda nýjum stígum/tröppum á öröskuðum svæðum í algjöru lágmarki.

Umhverfisstofnun vill vekja einnig athygli á að í 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Bílastæði

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að bílastæði séu afmörkuð með mun nákvæmari hætti á uppdrætti, en ekki einungis með hring. Því er mikilvægt að meta grunnástand þessara svæða nánar til að geta staðsett bílastæðin.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur